

Myndlist

Val

Markmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- beita blýanti með blæbrigðaríkum hætti.
- greina form og gera þeim skil/teikna frá mismunandi sjónarhornum.
- skapa verk sem sýna hnitmiðað val og beitingu á teikniáhalði til að ná fram ákveðinni áferð, hughrifum og/eða skilaboðum.
- helstu hugtökum og fyrirbærum í teikningu og málun, svo sem myndfleti, frumformum, samspili ljóss og skugga, neikvæðu og jákvæðu rými, styttingu, sjónarhorni.

Verkefni annarinnar:

Frumformin, skyggingar, áferðir, fjarvídd, uppstillingar og margvísleg verkefni þar sem nemandinn beitir teikniáhöldum til túlkunar á fyrirmynd.

Námsmat:

Áfanginn er próflaus

Námseinkunn byggist á vinnu vetrarins, þ.e. mætingu í tíma, heimavinnu og virkni í kennslustundum

- 30% mæting og virkni í tíma
- 30% Fjarnám / skissubók
- 20% Mat á vinnu vetrarins, þ.e. hversu mikla vinnu nemandi hefur lagt í verk sín jafnt í tíma sem og heima; mæting og ástundun
- 20% lokaverkefni.

Almennar vinnureglur:

- Nemandi skal mæta tímanlega í allar kennslustundir.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að trufla ekki kennslu.
- Nemandi skal ganga vel um stofuna og ávallt ganga frá eftir sig að kennslustund lokinni.

Kennari: Sigríður Aðils Magnúsdóttir (sigadils@mr.is).